

01.10.2009

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Efni: Mótmæli og athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss á Bitru og aðliggjandi svæðum.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands gera hér með athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 20. ágúst 2009.

Auglýst breytingartillaga gerir m.a. ráð fyrir því að 285 ha. svæði á Bitru verði breytt í iðnaðarsvæði fyrir jarðgufuvirkjun.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands leggja á milli alfarið gegn þessari breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss og telja að áform um virkjun á Bitru og aðliggjandi svæði rýri verulega lífsgæði íbúa í Hveragerði og í næsta nágrenni.

Í umhverfisskýrslu Landmótunar sem fylgir sem rökstuðningur með aðalskipulagsbreytingu Sveitarfélagsins Ölfuss eru áhrif á samfélag talin verða jákvæð.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands eru mjög ósammála þessu. Í skýrslunni er fyrst og fremst litið til ávinnings af væntanlegri atvinnuuppbyggingu í Þorlákshöfn og í Ölfusi. Ekki er neitt minnst á hugsanleg alvarleg áhrif losunar brennisteinsvetnis frá Bitruvirkjun á íbúa Hveragerðis.

Einnig er vakin sérstök athygli á því að íbúar í Hveragerði og forystumenn þess sveitarfélags hafa gert ítrekaðar athugasemdir við áform um virkjun á Bitrusvæðinu og leggja eindregið gegn henni.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands telja að ekki hafi verið sýnt fram á að mengun af völdum brennisteinsvetnis af fyrirhugaðri virkjun verði með þeim hætti að ásættanlegt sé að stunda slíka starfsemi nálægt þéttri byggð.

Ekki er nægilegt að tala einungis um **”að framkvæmdaaðili nýti ávalt bestu fáanlegu tækni til að hreinsa brennisteinsvetni úr útblæstri virkjana á Hengilsvæðinu og á Hellisheiði”**, á meðan ekki er hægt að sýna fram á með vísindalegum rökum og gögnum að slík tækni sé til staðar og virki til frambúðar.

Einnig benda Náttúruverndarsamtök Suðurlands á að ekki er hægt að hreinsa útblástur frá blásandi borholum. Slíkar borholur valda nú þegar talsverðum óþægindum hjá þeim sem aka eftir þjóðvegnum yfir Hellisheiði. Ennfremur hafa íbúar á höfuðborgarsvæðinu fundið fyrir óþægindum og lyktarmengun frá Hellisheiðarvirkjun.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands vísa til þess að Hengilssvæðið, Ölkelduháls, dalirnir ofan Hveragerðis og afréttur Ölfuss er dýrmætt útivistarsvæði í nágrenni við helsta þéttbýli landsins, auk þess er svæðið að hluta til á náttúruinjakrá. Svæðið er því ekki einungis dýrmætt fyrir Ölfusinga og Hvergerðinga heldur alla landsmenn. Jafnframt hafa nýttar vegna margvíslegrar ferðaþjónustu á þessu svæði aukist talsvert. Iðnaðarsvæði skerðir útivistargæði verulega og ekki verður kostur á að njóta óspilltrar náttúru og fegurðar lands í stuttri fjarlægð frá búsetusvæðum umræddra þéttbýlissvæða. Varast ber að spilla þessu umhverfi frekar en orðið er með umræddum framkvæmdum; Gildi svæðisins er ekki aðeins fallið í orkunýtingu til framtíðar heldur náttúruskoðun, en ferðaþjónustan er ein styrkasta stoð íslensks atvinnulífs og á aðeins eftir að verða mikilvægari þegar fram líða stundir.

Flutningslína Landsvirkjunar, Búrfellslína 3, stuðlaði að verulegri eyðileggingu á umhverfi Ölkelduháls, Bitru og Orustuhólshrauns þegar sú lína var lögð og er mikið lýti í fögru landslagi í dag. Fyrirhuguð virkjunarmannvirki á umræddu svæði eru algjörlega

óásættanleg þar sem frekari mannvirkjagerð á svæðinu myndi óhjákvæmilega gjörspilla þeirri náttúruverlu sem hér er um að ræða.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

Ólafía Jakobsdóttir, formaður